

28. janúar 1993 komu saman í Hlíðarenda á Hvolsvelli nokkrir áhugamenn um málefni eldri borgara, frá Hellu, Hvolsvelli og nágrennasveita, að frumkvæði Ólafs Ólafssonar Hvolsvelli. Á þessum rabbfundi var samþykkt að boða til stofnfundar félags eldri borgara í Rangárvallasýslu.

Stofnfundur félags eldri borgara í Rangárvallasýslu haldinn að Hvoli 8. febrúar 1993.

Undir fundargerð og lög félagsins skrifa 132.

Eftirtaldir kosnir í stjórn á stofnfundinum:

Formaður kosinn Ólafur Ólafsson.

Meðstjórnendur Jakobína Erlendsdóttir og Þorsteinn Oddsson Hellu.

Gyða Arnórsdóttir Hvolsvelli og Guðný A. Hammer Rauðalæk.

Til vara Karl Halldórsson Hvolsvelli, Hermann Sigurjónsson Raftholti,

Guðrún Ormsdóttir Hvolsvelli, Sigurður Halldórsson Kornvelli.

Á aðalfundi 14.2 1997 flutti Oddgeir Guðjónsson frumsamda vísu :

Allir hafa Ólafs stjórn

enn þá batna kjörin

hann vill glaður færa fórn

Fyrir gömlu skörin.

18.5 2001 er Bergur Pálsson ráðinn starfsmaður félagsins og greiðir Héraðsnefnd launin,

24.9 2001 gerist Rósalind Ragnarsdóttir leiðbeinandi í Handverki.

Þann 6.2 2002 er framlag Héraðsnefndar kr.1.500.000

2005. Þútt hefst undir handleiðslu Svavars Friðleifssonar

8.3.2006 Eggert Ólafsson kosinn formaður á aðalfundi

9.1.2006 Hringur kór eldri borgara formlega stofnaður, kórfélagar 30

12.4.2007 Ólafur Ólafsson og frú gerðir heiðursfélagar

17.7. 2006 Þórunn Ragnarsdóttir kosin framkvæmdarstjóri

22.5.2008 óskar félagið eftir aðkomu sveitarfélaganna til byggingar á húsi á Strönd

14.1.2009 kaupir félagið leirbrennsluofn. Félagið greiðir kr. 100.000 og handverkssjóður kr. 20.000

Eftirfarandi vísa rituð í lok fundargerðar aðalfundar 16.4.2009:

Fundur settur, fáir mættu

fengust sættir.

Flestir drukku frá sér vitið.

fundi slitið.

14.12.2009 Eggert Ólafsson lést

25.3.2010 Hilmar Guðjónsson kosinn formaður félagsins

15.9.2010 Helgi Hjálmsón formaður Landssambands eldri borgara mætir á félagsfund.

3.11.2010 Framlag Héraðsnefndar til félagsins kr. 3.500.000

14.4.2011 Dóra Ingvarsdóttir tekur við formennsku Hrings af Steinunni Sveinsdóttur

Á aðalfundi Hrings árið 2012 var Jón Ragnar Björnsson kosinn formaður.

10.4.2014 Guðrún Aradóttir kjörin formaður félagsins

12.6.2020 Jón Ragnar Björnsson kosinn formaður félagsins

